

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

Fundargerð 2. Umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2012-2013 haldinn laugardaginn 13. apríl 2013 í Kiwanishúsinu að Bíldshöfða 12 Reykjavík kl:10:00

Mættir:

Hjördís Harðardóttir umdæmisstjóri, Dröfn Sveinsdóttir kjörumdæmisstjóri, Ragnar Örn Pétursson fráfarandi umdæmisstjóri, Hörður Baldvinsson umdæmisritari, Guðbjörg Brynja Pálsdóttir umdæmisféhirðir, Tómas Sveinsson Erlendur ritari/Tengiliður /internetnefnd, Snjólfur Fanndal svæðisstjóri Freyjusvæðis, Petur Olivar í Hoyvík svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Pétur Jökull Hákonarson svæðisstjóri Sögusvæðis, Gunnsteinn Björnsson svæðisstjóri Óðinssvæði, Hildisif Björgvinsdóttir formaður fræðslunefndar, Matthías G. Pétursson tengiliður við fyrirverandi umdæmisstjóra, Óskar Guðjónsson upplýsinga og blaðafulltrúi/ritstjóri Kiwanisfrétta, Andrés Hjaltason formaður tryggingasjóðs Kiwanis, Þyri Marta Baldursdóttir formaður umdæmisþingnefndar, Haraldur Finnsson formaður hjálmanefndar, Björn Ágúst Sigurjónsson formaður styrktarsjóðs KIF, Ástbjörn Egilsson formaður laga og ályktananeftar, Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsneftar

Forföll:

Konráð Konráðsson Svæðisstjóri Ægissvæði, Hildur Valsdóttir formaður kvennanefndar, Guðmundur R. Þorvaldsson formaður ferðanefndar, Guðmundur Skarphéðinsson formaður útbreiðslu og fjölgunarneftar.

Gestir: Sæmundur H Sæmundsson, Atli Heiðar Þórsson, Gunnlaugur Gunnlaugsson, Eyþór K Einarsson

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Fundur settur af Hjördísi Harðardóttur klukkan 10:05. Hjördís bauð fundarmenn velkomna í þessu nýja húsnæði hreyfingarinnar að Bíldshöfða 12. Hjördís bað viðstadda að rísa á fætur og minnast látinna félaga.

2. Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þær

- ✓ Skýrsla umdæmisstjóra- Hjördís Harðardóttir
- ✓ Skýrsla umdæmisritara- Hörður Baldvinsson
- ✓ Skýrsla umdæmisféhirðis- Guðbjörg Brynja Pálsdóttir
- ✓ **Skýrslur svæðisstjóra**
- ✓ Freyjusvæði- Snjólfur Fanndal
- ✓ Færeyjasvæði- Petur Olivar í Hoyvík
- ✓ Óðinssvæði- Gunnsteinn Björnsson
- ✓ Sögusvæði- Pétur Jökull Hákonarson

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

- ✓ Ægissvæði- Tómas Sveinsson í forfalli Konráðs Konráðssonar

Sjá má allar skýrslur sem eru fylgiskjöl með þessari fundargerð

Þyrí Marta benti umdæmisritara á að skýrsla umdæmisritara væri ekki rétt þar sem misræmi væri á milli nýrra félaga og þeirra sem hættir væru.

Hörður Baldvinsson þakkaði Þyrí Mörtu fyrir glögg auga varðandi samantektarskýrsluna og sagðist hafa treyst á að jöfnurnar í Exel forritinu væri réttar og hefði hann ekki sannreynt þær. Umdæmisritari benti þó á að niðurstöðutölurnar væru réttar og að kiwanisfélagar væru komnir niður í 930 talsins.

Matthías G. Pétursson tók til máls og ræddi hann um skýrsluskil klúbba og taldi hann alveg óásættanlegt að klúbbar sendu ekki inn mánaðarskýrslur á réttum tíma.

Ástbjörn Egilsson Byrjaði á að óska öllum viðstöddum til hamingju með húsnæðið og þakkaði fyrir ágætar skýrslur. Ástbjörn taldi þó að það vantaði stórlega inn í skýrslunnar frá svæðisstjórum nákvæmar upplýsingar um starfsemi klubbana á viðkomandi svæði, hvað þeir væru að gera og hvernig þeirra starf færi fram. Hann benti á það að þessir umdæmisfundir væri eini vettvangurinn þar sem umdæmisstjórn fengi upplýsingar um starfsemi klúbba umdæmisins.

Ragnar Örn Tók undir með Ástbirni um mikilvægi þess að fá fréttir frá klúbbunum. Ragnar taldi það alvarlegt mál þegar klúbbar skiluðu ekki skýrslu. Ragnar ræddi einnig um þessa hugmynd svæðisstjóra Sögusvæði að gera hið nýja húsnæði að einhverskonar félagsheimili kiwanisfélaga. Taldi Ragnar að mikilvægt sé að gera húsnæðið að öflugu Kiwanishúsi en ekki að húsnæðið verði einungis notað sem húsnæði umdæmisskrifstofunnar. Ragnar Örn ræddi einnig um stöðu fjölgunarmála hjá hreyfingunni og vildi hann leggja til að framkvæmdanefnd færi núna strax í naflaskoðun og reyndi af skoða fjölgunarmálin og hvað mætti betur fara í þeim málum. Allir þyrftu að leggjast á eitt til að breyta fjölgunarmálum hreyfingarinnar. Ragnar ræddi einnig um að líklegt væri að félagar í Keili mundi fækka á næstunni og sagðist hann hafa ákveðnar hugmyndir um hversvegna það væri að gerast. Hann telur að með því að setja félagar í forystu klubbana sem væru nýir í hreyfingunni þá skapist los á þeim venjum og siðum sem klúbbarnir hafa tamið sér í

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

gegnum árin. Þessu verður að breyta ef fjölgun í hreyfingunni eigi að taka við sér, því talan 900 sé handan við hornið.

Tómas Sveinsson Tók hann undir orð Ragnars og sagði jafnframt í framhaldi af skýrslu svæðisstjóra Sögusvæðis að erfitt gæti nú verið að setja snooker borð inn í Bíldshöfðann, því þar yrði þá ekkert pláss fyrir fundi. Ennfremur að þrátt fyrir að Helgafell væri með snooker aðstöðu þá væru yngri félagar ekki að skila sér inn í félagsstarfið og bætti jafnframt við að eyjaklúbburinn hefði nýlega átt Íslandsmeistara í snooker og væri hann jafnframt á áttæðisaldri.

Petur Oliver Í fyrsta sinn er hann kom í hreyfinguna og ræddi hann um mánaðarskýrslu klúbbana og sagði að plaggið væri í sjálfu sér eldgamalt og þeir sem væru ritarar klúbbana í Færeyjum ókunnir því að nota Exel og að hann hefði nýverið að hjálpa konu einni sem væri 79 ára gömul. Hann nefndi jafnframt að hann hefði verið sveittur við að skrifa allar skýrslur núna rétt fyrir fundinn og að hann hefði skrifað skýrt og greinilega á hverja skýrslu að félagar í Kiwanisklúbbnum í Þórshöfn væri 31, en samt kæmi fram í skýrslu umdæmisritara að einungis 25 félagar væru skráðir í klúbbinn í Þórshöfn. Hann tók það jafnframt fram að einn ríkasti klúbburinn í umdæminu væri einmitt Kiwanisklúbburinn í Þórshöfn. Fór hann að lokum yfir alla klúbbana í Færeyjum og sagði að breyta þyrfti mánaðarskýrslunum og færa þær inn í nútímann.

Haraldur Finnsson Vildi ræða aðeins um fækkunarmálin, en ljóst væri að félögum í hreyfingunni væri að fækka eins og allir vissu og ræddi hann aðeins um fjölgunarráðstefnuna. Honum fannst mikill hugur í fólki og ræddi hann um þessa ráðstefnu í klúbbnum sínum og vildi hann meina að mikil skrifinnaska væri til staðar og væri þá líklegt að allt vilji stoppa í einhverjum nefndum og því þyrfti að breyta.

Hörður Baldvinsson ræddi um ræddi um misræmi milli félagafjölda á skýrslum og í gagnagrunninum eins og komið hefði í ljós í máli Petur Oliver. Hörður sagðist vera að vinna í að leiðrétta og mikilvægast væri að koma gagnagrunninum eitt skipti fyrir öll í gott lag.

Haraldur Finnsson ræddi um gátlista sem hugsanlega væri hægt að senda inn í klúbbana sem væru til þess fallnir að benda félögum á nauðsyn þess að skrá jafnt og þétt inn nýja félaga

Andrés Hjaltason Ræddi um kunnáttuleysi félaga um gerð skýrslunnar og væri það líklega í mörgum tilvikum menn sem hefðu ekki fengið neina fræðslu. Andrés kom að því að kunnáttuleysi manna væri líklega ein helsta orsök fyrir lélegum skýrslum og hann vildi jafnframt fá meiri upplýsingar um hvað klúbbarnir væru að gera og það ætti að koma fram í skýrslum svæðisstjóra.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

Hann skoraði jafnframt á svæðisstjórana að koma með greinargóðar skýrslur um klúbbastarfið á næsta umdæmisþing.

Óskar Guðjónsson Kom upp og byrjaði á því að óska félögum til hamingju með húsnæðið og ræddi um flæði upplýsinga og væri til dæmis mögulegt að vera með lifandi fræðslu sem hægt væri að taka upp og senda yfir netið og þar með reyna að vera með betri fræðslu. Einnig sagði Óskar að hér áður fyrr hefði það verið hlutverk svæðisstjórana að skrifa smá skýrslu um þær heimsóknir sem þeir væru að heimsækja. Óskar tók það einnig fram varðandi skýrslurnar að mögulega þyrfti að uppfæra þær eitthvað og líklega væri erfitt fyrir einhverja að gera þær réttar og sagðist hafa þurft að gera 38 breytingar á gagnagrunninum í eitt skipti þegar hann kom frá Færeyjum.

Dröfn Sveinsdóttir Ræddi um skýrslugerð og ræddi hún um skýrslugerð svæðisstjóra og sagði mikilvægt að vera með ýtarlegri skýrslu og jafnframt að hún væri búin að punkta þetta hjá sér og að hún mundi leggja áherslu á þessu hluti við sína svæðisstjóra þegar að því kæmi. Dröfn minntist á það þegar hún var í fræðslunefnd, þá hafi verið gerðir fræðslupakkar fyrir forsetana mikilvæg atriði í starfsemi klúbbana.

Hjördís Harðardóttir Ræddi hún um gátlistana og taldi mikilvægt að prenta út gögn og hafa þau í möppu. Einhvernvegin þá væri fólk ekki að prenta út og þá einhvernvegin gleymdust þessir listar.

Pétur Jökull Tók til máls og var hann afar ósáttur með þessa umræðu varðandi skýrslugerð svæðisstjóra. Honum fannst vera vegið að sér með þessari umræðu og benti jafnframt á það að aldrei hafi honum verið sagt hvernig skýrslugerðin hafi átt að vera. Fannst Pétri vera vegið að sér sem svæðisstjóra með þessari umræðu.

3. Skýrslur nefndarformanna og umræður um þær

- ✓ Skýrsla fræðslunefndar- Hildisif Björgvinsdóttir
- ✓ Skýrsla upplýsinga og blaðafulltrúa/Ritsjóra Kiwanisfrétta- Óskar Guðjónsson (munnleg)
- ✓ Skýrsla laga og ályktunarnefndar- Ásbjörn Egilsson (munnleg)
- ✓ Skýrsla umdæmisþingnefndar- Þyri Marta Baldursdóttir
- ✓ Skýrsla hjálmanefndar- Haraldur Finnsson
- ✓ Skýrsla ferðanefndar- Hörður Baldvinsson í forföllum Guðmundar R Þorvaldssonar
- ✓ Skýrsla útbreiðslunefndar- Hjördís Harðardóttir í forföllum- Guðmundar Skarphéðinssonar
- ✓ Skýrsla internetnefndar- Tómas Sveinsson

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

- ✓ Skýrsla styrktarsjóðs/KIF- Björn Ágúst Sigurjónsson (hluti munnlegur)
- ✓ Skýrsla fjárhagsnefndar –Atli Þórsson
- ✓ Skýrsla tryggingasjóðs- Andrés Hjaltason (munnleg)
- ✓ Skýrsla tengiliðs við fyrrverandi umdæmisstjóra Matthías G. Pétursson
- ✓ Skýrsla húsnæðisnefndar Sæmundur H Sæmundsson (munnleg)

Þyri Marta kom upp og sagðist hún að forseti síns klúbbs ekki hafa fengið sent nýju klúbbalögin og einnig ræddi hún um styrktarsjóðinn og var sammála Birni varðandi stífkramperkefnið og einnig þakkaði hún Sæmundi fyrir frábært verk varðandi umsýsluna á þessu nýja húsnæði umdæmisins.

Ástbjörn Egilsson benti Þyri á að klúbbalögin væri öllum aðgengileg og væru þau á heimasíðu kiwanis, en einnig ræddi hann þá hugmynd Björns Ágústs varðandi að breyta hvernig umdæmið safnar fjármunum. Ástbjörn talaði um að hann ásamt Eyjólfu Sigurðssyni hefðu komið að undirbúningi á stofnun UNICEF deildar á Íslandi og því mætti segja að UNICEF væri að hluta til sprottið upp úr Kiwanis hreyfingunni og að hann hefði verið mjög lengi viðloðin þeirri starfsemi. Um K-daginn sagði hann að það væri kominn tími til að fara yfir skipulag, tilgang og framkvæmd K-dags með tilliti til að svo margir væru að styrkja geðverndarmál í dag. Eftir þá skoðun gætum hreyfingin tekið ákvörðun um hvort við höldum áfram þessu verkefni, eða tækjum eitthvað annað fyrir.

Dröfn Sveinsdóttir kom upp og tók undir þessa hugmynd og ræddi hún einnig um frestun á K-deginum. Hún sagði að mjög erfitt væri að fá félagana til að taka að sér þetta verkefni og því væri nauðsynlegt að fresta K-deginum.

Sæmundur H Sæmundsson vildi blanda sér einnig í þessa umræðu og taldi hann þessa söfnun vera orðin þreytt og nauðsynlegt að skoða síðan hvaða hópa K-dagurinn komi til með að styrkja. Hann nefndi það að þeir aðilar sem hefðu þegið styrki og afrakstur K-dagsins væru ekkert að minnast á hreyfinguna þrátt fyrir myndarlega styrki í gegn um tíðina. Hann nefndi leikhúsferð sem hann fór á nýlega varðandi einelti og vímuefni. Mögulegt væri að hreyfingin færi í meira mæli að snúa sér að verkefnum tengdum forvörnum barna. Einnig ræddi hann um að styrktarsjóður tæki að sér þetta verkefni og hefðu framvegis K-daginn á sinni könnu.

Ragnar Örn tjáði sig um skýrslu ferðanefndar og minntist hann á að Böddi og Diddi hefðu ekki verið í ferðanefnd á síðasta ári, eins og komið hefði fram í skýrslu ferðanefndar. Ragnar talaði einnig

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

um söfnun umdæmisins og var hann mjög jákvæður yfir samstarfi við UNICEF og að skýr samningur verði á milli kiwanishreyfingarinnar og UNICEF varðandi utanumhald og að við ættum að vinna heilshugar í því verkefni. Varðandi K-Daginn þá kom sú hugmynd upp fyrir síðasta K-dag, að tengja söfnunina við verkefni sem virka. Ragnar sagði að við verðum einnig að skoða verkefni sem hreyfingin hafi tekið að sér sem væru í raun mjög góð verkefni, en einhverra hluta væri ekki fylgt eftir og nánast gleymdust. Hann talaði um útgáfu á Lífsvísinum sem dæmi um verkefni sem hefði verið farið af stað með en smátt og smátt orðið nánast að engu. Hann taldi ekkert því til fyrirstöðu að styrktarsjóður taki við verkefninu.

Óskar Guðjónsson kom því næstur upp og ræddi hann um safnanir almennt og sagði hann að við værum á pari varðandi áætlanir um safnanir á heimsvísu. Ýmis stórfyrirtæki væru hugsanlega að koma að stífkrampaverkefninu og vonandi verði það að veruleika. Óskar var mjög jákvæður varðandi að fresta K-Deginum og taldi mikilvægt að gera þessa breytingu með UNICEF. Óskar taldi það við hæfi að gera þessar breytingar á 50 ára afmæli hreyfingarinnar á næsta ári. Mikilvægt sé að ef það eigi að breyta K-deginum þurfi sú breyting að vera gerð í sátt við grasrótina. Einnig væri mikilvægt að taka upp þessa umræðu á Umdæmisþinginu í haust. Óskar nefndi að Kiwanisklúbburinn Eldey væri búinn að skuldbinda sig að gefa í stífkrampaverkefnið 42.000 dollara og hefur klúbburinn staðið fyrir ýmsar safnanir til að ná þessu marki.

Andrés Hjaltason kom og ræddi um K-daginn og ræddi um endurskoðun á K-Deginum en vildi ræða þetta mjög vel áður en farið er farið af stað.

Haraldur Finnsson kom upp og sagðist hann hafa fundið fyrir áhugaleysi félaga á síðasta K-degi og sagðist hann mjög fylgjandi breytingar á söfnuninni. Hann minntist einnig á ýmsar önnur verkefni svo sem Lífsvísi og eiturfjávísi. Haraldur ræddi um forvarnir og mikilvægi þess að spyrna við fæti áður en skaðinn er skeður. Hann ræddi einnig um mikilvægi þess að halda til haga upplýsingum um hreyfinguna á Íslandi svo hægt sé á einhverjum tímamarki að taka saman söguna og gefa út.

Gunnsteinn Björnsson kom upp og var sammála varðandi K-Daginn og sagðist hann vera í raun og vera verkefni sem er komið á endapunkt. Mikilvægt væri að ná góðu samstarfi við UNICEF og fá þá jafnfram meiri umfjöllum um hreyfinguna á landsvísu. Einnig vildi Gunnsteinn benda á það varðandi nýju klúbbalögin og að sjálfsögðu væri mjög mikilvægt að aðgengi þeirra væri tryggt.

Hörður Baldvinsson vildi koma nokkrum punktum fram varðandi K-daginn og mikilvægi þess að halda honum óbreyttum og tilgreindi nokkrar ástæður hversvegna svo væri. Hann sagði að K-

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

dagurinn væri vörumerki sem hreyfingin væri búin að skapa í gegnum árin. K-dagurinn væri til í huga fólks og að fresta honum væri mikið ógæfuspor fyrir hreyfinguna sér í lagi vegna þess að á síðasta K-degi hefðu safnast rétt um 30 miljónir króna sem voru nýttar í nokkur góð verkefni. Ef þú rekur augun í villur í fundargerðinni vinsamlega látið mig vita sem allra fyrst. Þegar salan á K-lyklinum var skoðuð kom í ljós að margir klúbbar höfðu fengið með sér félaga samtök í sínu nærsamfélagi til þess að aðstoða við söluna og er það bara mjög gott mál. Að lokum sagðist Hörður að ef klúbbarnir vildu ekki standa í þessu sjálfir væri til fólk úti á markaðinum sem væri til í að hjálpa til við að skipuleggja sölu á K-lyklinum.

Ástbjörn Egilsson kom upp og ræddi um lyklaverkefnið bæði fyrr og síðar og taldi hann mikilvægt að skoða öll verkefni með opnum hug og ræða mjög mikilvægt. Ástbjörn sagði að ekki stæði til að hætta með K-daginn heldur fresta honum um einhvern ákveðinn tíma. Ræddi hann einnig um styrktarsjóðurinn tæki við K-Daginn og taldi hann mikilvægt að skoða þann gjörning mjög vel og jafnvel þurfi að breyta einhverju í lögum hreyfingarinnar. Hann ræddi einnig um að SÁÁ væri með langstærsta söfnunina hérlendis og væri það gert með miklum fjölda sölufólks og væri hreinlega fólk í fullri vinnu við að skipuleggja söluna og gera upp sölustarfið.

Björn Ágúst kom upp og útskýrði samstarfið við UNICEF, og sagði að UNICEF hefði ekki valið að koma í samstarf við Kiwanishreyfinguna heldur hefði hreyfingin óskað eftir samstarfi við UNICEF svo það væri á hreinu. Hann sagðist hann að allir klúbbar að undanskildum tveim hefðu greitt inn í stífkrampaverkefnið og líklega væri það einstakt á heimsvísu þó allir klúbbar hefðu ekki greitt háar upphæðir. Hann taldi einnig að lífsvísirinn væri flott verkefni sem ætti að halda áfram.

Eyþór K kom upp og vildi einnig hreykja sér af verkefninu þar sem Eldeyjar klúbburinn hefði skuldbindið sig til greiðslu á þessum fjármunum í stífkrampaverkefnið. Hann ræddi einnig um þá skóla sem væru að þiggja hjálmana og mikilvægi þess að kiwanisfélagar væru sjáanlegir í úthlutun hjálmana.

Gunnlaugur Gunnlaugsson kom upp og byrjaði hann á því að óska hreyfingunni til hamingju með húsnaðið. Gunnlaugur óskaði eftir því að hann fengi að dreifa hjálmunum á ströndunum og sagði að hann vildi gjarnan taka það að sér því dreifing á hjálmum væri afskaplega gefandi. Hann ræddi um ferðir sínar til borgarinnar og sagðist ekki telja það eftir sér að ferðast fram og til baka frá Ísafirði til Reykjavíkur fyrir hreyfinguna, því það væri sjálfsagt að leggja það á sig fyrir þessa frábæru hreyfingu. Gunnlaugur taldi að frestun á K-deginum væri nauðsynleg og ekkert annað hægt að gera í

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

stöðunni. Gunnlaugur ræddi einnig um þá stöðu sem hreyfingin væri komin í ,þegar auglýsa þyrfti eftir tilvonandi svæðisstjórum í klúbbum umdæmisins. Taldi Gunnlaugur þessa þróun hættulega og mikilvægt að gera starf svæðisstjóra áhugavert fyrir félaga.

Ástbjörn Egilsson yfirgaf fundinn klukkan 13:55

Arnór L. Pálsson ræddi um fjárhagsáætlunina fyrir 2013-2014. Arnór óskaði umdæminu til hamingju með húsnaðið og fjallaði um áætlun fyrir tekjur og kostnað fyrir næsta fjárhagsár. Arnór sagðist ekki ætla að fara mjög ítarlega í kostnaðaráætlunina, en fundarmenn væru velkomnir að spyrja ef einhverjir liðir væru óljósir.

Ragnar Örn kom upp og ræddi aðeins um fjárhagsáætlunina og var með fyrirspurn um Kiwanisfréttir/umdæmisþing. Hann ræddi um þann kostnað sem fælist í því að gefa út umfangsmikið blað og væri sá kostnaður venjulega 6-700.000. Hann talaði um mikilvægi þess að hafa allar kostnaðartölur réttar, því ár eftir ár væri kostnaður vegna útgáfu blaðsins rétt um 300.000 krónur hærri en fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir. Einnig væri gert ráð fyrir að seldar væru auglýsingar í Kiwanisblaðið, en oft hefði það reynst erfitt. Að lokum óskaði Ragnar Örn eftir því að fjárhagsáætlunin verði gerð af vandvirkni og með hliðsjón af reynslutölum frá fyrri árum.

Haraldur Finnsson kom með fyrirspurn varðandi auglýsingar í Kiwanisblaðið og fannst fjárhagsáætlunin varðandi tekjuöflun auglýsinga frekar lág og taldi að félagar væru sjálfsagt í engum vandræðum að selja auglýsingar fyrir þá upphæð sem tilgreind væri í fjárhagsáætlunni.

Hjördís Harðardóttir svaraði Haraldi og sagði jafnframt að sala á auglýsingum hefði einfaldlega gengið mjög misjafnlega í gegnum tíðina. Hjördís lagði að svari sínu loknu fjárhagsáætlunina til samþykktar og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum.

Guðbjörg Brynja Pálsdóttir fór yfir milliuppgjör 2012-2013. Guðbjörg fór yfir uppgjörið og óskaði eftir spurningum fundarmanna, en engar spurningar komu fram.

Dröfn Sveinsdóttir fór yfir starf sitt sem kjörumdæmisstjóri og sagði að sitt kjörorð sem umdæmisstjóri 2013-2014 yrði „Kiwanis er vinátta, Kiwanis er kraftur“. Markmiðin væru einnig skýr en þau væru „Njótum vináttunnar“. Við eigum að njóta þess að vera í hreyfingunni og við eigum að virkja kraft þess fólks sem í hreyfingunni er og það er þessu fólki að þakka að þúsundir barna hjóla nú um allt land með hjálma frá Kiwanisá, sem félagar hafa afhent. Dröfn benti að lokum á að innan hreyfingarinnar væri kraftmikið fólk og því væri mikilvægt að virkja kraft félagana til að styrkja

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

hreyfinguna. Að lokum sagði Dröfn að mikilvægt væri að styðja vel við stífkrampaverkefnið, en nefndi jafnframt að erfitt væri að fá félagar til að taka að sér vinnu fyrir umdæmið og hún hefði átt erfitt með að manna allar nefndir og hún óskaði þess að félagar gæfu kost á sér í vinnu fyrir umdæmið.

Skýrslur nefndarformanna sem skiluðu prentuðum skýrslum fylgja með fundargerðinni

Önnur mál:

Björn Ágúst: Vildi fá samþykkt fundar um þá hugmynd að ganga til samstarfs við UNICEF og samþykktu fundarmenn með miklum meirihluta að ganga til samstarfs þó svo að lokasamþykkt verði ekki gerð fyrr en á umdæmisþinginu í haust.

Hjördís Harðardóttir þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi klukkan 14:11

Fundargerð ritaði:

Hörður Baldvinsson

Umdæmisritari 2012-2013

-